

## 5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	kr.	6.000
Önnur afhending hunds	kr.	11.900
Þriðja afhending hunds	kr.	17.900
Fyrsta afhending hunds án leyfis	kr.	14.300

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

## 6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

## 7. gr.

Skilgreiningar á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefna af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenningu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

## 8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Ísafirði, 3. janúar 2002.*

**Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, svæði fyrir bílaíþróttir á Glerárdal.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. janúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að mörk verndarsvæðis við Glerá eru færð nær ánni á um 400 m kafla. Blönduð landnotkun óbyggðs svæðis og almenns útivistarsvæðis milli Hlíðarfjallsvegur og Glerár stækkar þannig að svæðið teygir sig lengra upp með ánni.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 25. janúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*